

# Símavist

01.10.2025

Símavist er símkerfislausn í skýinu sem þú getur tengt við borðsíma, farsíma og tölvusíma. Með Símavist getur þú sett upp skiptiborð, valvélur og hringihópa, gert sjálfvirkar skýrslur, hljóðritað símtöl og auðvitað hringt bæði tal- og myndsímtöl. Sérfræðingarnir okkar sjá alfarið um rekstur og viðhald Símavistarinnar, sem gerir hana að tilvalinni lausn fyrir fyrirtæki af öllum stærðum.



## Ertu kerfisstjóri?

Í þessari grein förum við yfir uppsetningu Símavistar og helstu virkni. Ef þig vantar ítarlegri leiðbeiningar getur þú notast við [leiðarvísinn okkar](#).

## Uppsetning

### Setja upp Webex forritið

- Sæktu nýjstu útgáfu af Webex forritinu [af vefsíðunni þeirra](#) og settu það upp.
- Opnaðu forritið og veldu **Sign in**.
- Sláðu inn netfangið þitt.
- Sláðu inn lykilorðið sem þú bjóst til á [lykilorðasíðunni](#).




### Vantar þig áskrift?

Þú getur ekki sett upp Símavist án þess að vera með áskrift. Hafðu samband við fyrirtækjaráðgjöfina okkar til að setja upp áskrift og aðgang.

## Stillingar

Smelltu á tannhjólid neðst vinstra megin í Webex glugganum til að komast í stillingar fyrir hljóð, mynd, flýtleiðir og fleira.



Áður en þú notar Webex í fyrsta sinn mælum við með að fara yfir eftirfarandi stillingar:

- Veldu **Audio** flokkinn og stilltu:
  - **Ringer and alerts** til að velja í hvaða tæki heyrst þegar síminn hringir.
  - **Speaker** til að velja í hvaða tæki sjálft símtalið heyrst.
  - **Microphone** til að velja hljóðnemann þinn.
- Veldu **Calling** flokkinn og afveldu **Answer calls with my video onnema** þú viljir að öll símtöl hefjist sem myndsímtöl.
- Smelltu á **Save** neðst í glugganum til að vista stillingarnar.

## Tengiliðir

Undir **Contacts** flípanum getur þú bætt við tengiliðum og hópum til að búa til flýtleiðir fyrir þá tengiliði sem þú talar mest við og flokkað þá í hópa.

### Búa til tengiliðahóp

- Veldu **Create a group**.
- Skrifðu inn nafn fyrir hópinn.
- Smelltu á **Create**.

### Bæta við tengilið innan fyrirtækis

- Smelltu á **Add a contact** eða **Plús (+)** merkið.
- Veldu hóp fyrir tengiliðinn undir **Contact group**.
- Skrifðu nafn viðkomandi í leitargluggann.
- Veldu tengiliðinn í **People** reitnum.
- Smelltu á **Add** til að bæta þeim í tengiliðaskrána þína.

## Bæta við tengilið utan fyrirtækis

- Smelltu á **Add a contact** eða **Plús (+)** merkið.
- Veldu **Create a custom contact**.
- Fylltu inn allar viðeigandi upplýsingar eins og nafn, símanúmer, netfang og tengiliðahóp.
- Smelltu á **Save** til að bæta þeim í tengiliðaskrána þína.

## Meðhöndlun símtala

### Inn- og útskráning

Til að skrá þig inn í eða út úr símaverinu smellir þú á **Available** takkann neðst í Webex glugganum.

**Agent status** ræður hvort síminn þinn sé opinn til að taka við símtölum.

- **Available** þýðir að þú getir tekið við símtali.
- Aðrar stöður loka fyrir símtöl.

Undir **Join queue** getur þú valið úr hvaða röðum þú færð símtöl, ef símaverið þitt býður upp á fleiri en eina röð.

### Áframsenda símtal

Þú getur auðveldlega áframsent símtal á annan starfsmann í símtalsglugganum í Webex:

- Smelltu á **More (...)**.
- Veldu **Transfer**.
- Sláðu inn nafn eða símanúmer viðtakanda.
- Veldu hvernig þú vilt áframsenda símtalið:
  - Með **Consult first** er viðmælandi settur á bið og þú færð færi á að kynna móttakanda símtalið áður en þú áframsendir það.
  - Með **Transfer now** er símtalið sent beint á móttakanda og þú er laus í næsta símtal.

Ef þú velur **Consult first**:

- Viðmælandi þinn er settur á bið á meðan þú kynnir móttakanda símtalið.
- Þegar móttakandi samþykkir að taka við símtalinu smellir þú á **Complete transfer** til að flytja það.
- Ef móttakandi svarar ekki getur þú smellt á **Resume** til að halda símtalinu áfram.

## Aðrar stillingar

### Hringiflutningur

Með hringiflutningi getur þú áframsent öll símtöl sem berast í símann þinn eða áframsent þau við ákveðnar kringumstæður, til dæmis ef síminn þinn er á tali eða þú svarar honum ekki.

- Smelltu á **Call settings** neðst í Webex glugganum.
- Veldu **Open call preferences**.
- Veldu **Advanced call settings** neðst á síðunni.
- Veldu **Incoming Calls**.
- Veldu **Call Forwarding**.

Hér getur þú valið um nokkrar tegundir hringiflutnings og valið á hvaða símanúmer þú vilt áframsenda símtalið:

- **Always** áframsendir öll símtöl sem berast.
- **When No Answer** áframsendir símtal þegar þú svarar ekki símanum.
- **When Busy** áframsendir símtal þegar síminn þinn er á tali.
- **When Not Reachable** áframsendir símtal þegar síminn þinn er ekki í netsambandi.



#### VoLTE í Sí mavist

Notkun Sí mavistar slekkur á **VoLTE** og þjónustum tengdum VoLTE eins og **Úræði**

## Dúett

Með Dúett getur þú tilgreint einn eða fleiri farsíma sem geta svarað símtölum sem berast í borðsímann þinn. Allir símarnir hringja samtímis þegar símtal berst og sá fyrsti til að svara fær símtalið. Dúett er tilvalinn fyrir neyðarsíma eða önnur tilfelli þar sem mikið liggur undir að símanum sé svarað.

Til að virkja dúett:

- Smelltu á **Call settings** neðst í Webex glugganum.
- Undir *Manage my numbers* sérðu öll tiltæk símanúmer á aðganginum þínum.
- Hakaðu við númer til að virkja Dúett.
- Á meðan Dúett er virkur birtist grænt merki við **Call settings** takkann.

Til að bæta við símanúmeri:

- Smelltu á **tannhjól** neðst vinstra megin í Webex glugganum.
- Veldu **Calling**.
- Smelltu á **Add number** undir *Manage my numbers*.
- Settu inn farsímanúmer og lýsingu.
- Hakaðu við **Active** ef þú vilt virkja Dúett strax fyrir þetta númer.
- Smelltu á **Add** til að vista símanúmerið.

Til að breyta eða eyða símanúmeri:

- Smelltu á **tannhjól** neðst vinstra megin í Webex glugganum.
- Veldu **Calling**.
- Smelltu á örina (>) við símanúmerið sem þú vilt breyta eða eyða undir *Manage my numbers*.
- Uppfærðu símanúmer eða lýsingu og ýttu á **Save** til að breyta, eða ýttu á **Delete** til að eyða símanúmerinu.

## Pick-up tilkynningar

Með *Pick-up* virkninni getur þú svarað símtölum fyrir hönd vinnufélaga.




#### Athugið

Kerfisstjóri þarf að setja upp BLF lista svo hægt sé að nota pick-up virknina.

Til að stilla pick-up tilkynningar:

- Smelltu á **tannhjól** neðst vinstra megin í Webex glugganum.
- Veldu **Notifications** og svo **Calls**.
- Undir *Call pick-up* getur þú stillt hvort þú fái pick-up tilkynningar.
  - Til að **virkja** tilkynningar skaltu fjarlægja hakið úr **Mute** reitnum. Þú getur einnig valið annan hringitón fyrir *Pick-up* símtöl til að aðgreina þau frá símtölum ætluðum þér.
  - Til að **afvirkja** tilkynningar skaltu haka við **Mute** reitinn.
- Smelltu á **Save** til að vista stillingarnar.



Tilkynningar fyrir *Pick-up* símtöl birtast í litlum glugga í efra hægra horni skjásins og þar sérðu frá hverjum símtalið er og hverjum það er ætlað:

- Ýttu á **Pick up** til að svara símtalinu.
  - Ýttu á **Ignore** til að hunsa símtalið. Að hunsa símtal hefur engin áhrif á sjálft símtalið, það slekkur bara á tilkynningunni.
-